



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

BRUCH BRAHMS



27. APRÍL 2017

VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum standur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og eru aðgengilegir í Sarpinum á ruv.is.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Áætluð tímalengd verka:

Mistur: 15'

Fiðlukonsert: 23'

Sinfónía: 40'

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

FIM 27 APR 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

BRUCH OG BRAHMS

Vladimir Ashkenazy
hljómsveitarstjóri

Boris Belkin
einleikari

EFNISSKRÁ

Porkell Sigurbjörnsson
Mistur (1972)

Max Bruch
Fiðlukonsert nr. 1 í g-moll, op. 26 (1864–68)
Vorspiel: Allegro moderato
Adagio
Finale: Allegro energico

HLÉ

Johannes Brahms
Sinfónía nr. 4 í e-moll, op. 98 (1884–85)
Allegro non troppo
Andante moderato
Allegro giocoso
Allegro energico e passionato

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is



VLADIMIR ASHKENAZY

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Vladimir Ashkenazy er óumdeilanlega frægastur íslenskra ríkisborgara í klassíska tónlistarheiminum. Í ríflega hálfra öld hefur hann verið í hópi fremstu hljóðfæraleikara, eða allt frá því hann komst á verðlaunapall í þremur virtustu tónlistarkeppnum heims – hann hlaut önnur verðlaun í Chopin-keppninni í Varsjá árið 1955 og fyrstu verðlaun bæði í Queen Elisabeth-keppninni í Brüssel 1956 og Tsjajkovskij-keppninni í Moskvu 1962.

Ashkenazy á að baki glæsilegan feril í hljóðverinu. Hann hefur hljóðritað flest höfuðverk píanóbókmenntanna og meðal nýlegra hljómdiska hans eru sjaldheyrð einleiksverk eftir Rakhmanínov og *Diabelli*-tilbrigði Beethovens. Ashkenazy hefur hlotið sex Grammy-verðlaun, m.a. sem besti einleikari með hljómsveit (píanókonsertar Beethovens með Georg Solti, 1974), fyrir bestu kammerhljóðritun (fiðlusónötur Beethovens með Itzhak Perlman, 1979), og besta einleiksdisk (prelúdíur og fúgur Shostakovitsj, 2000).

Undanfarna áratugi hefur orðstír Ashkenazys sem hljómsveitarstjóra vaxið stöðugt, allt frá því að hann steig sín fyrstu skref á þeirri braut með Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 1972. Hann hefur verið aðalstjórnandi hjá virtum hljómsveitum á borð við Konunglegu fílharmóníusveitina í London og Tékknesku fílharmóníusveitina. Árið 2009 tók Ashkenazy við stöðu aðalhljómsveitarstjóra Sinfóníuhljómsveitarinnar í Sídney í Ástralíu, en hann hefur auk þess starfað með flestum frægustu hljómsveitum heims sem geststjórnandi.

Vladimir Ashkenazy er aðalheiðursstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og hefur undanfarin ár stjórnað henni í meistara- verkum tónbókmenntanna, meðal annars *Draumí Gerontiusar* eftir Britten, *Stríðssálumessu* Brittens, 9. sinfóníu Mahlers og *Missa solemnis* eftir Beethoven. Ashkenazy stýrði 1. sinfóníu Brahms á tónleikum hljómsveitarinnar í maí 2014 og lokar nú „Brahms-hringnum“ með 4. sinfóníu meistarans.



BORIS BELKIN

EINLEIKARI

Boris Belkin hóf fiðlunám sex ára gamall og kom fyrst fram með hinum fræga hljómsveitarstjóra Kyrill Kondrashin á áttunda ári. Hann stundaði nám við Tónlistarháskólann í Moskvu og kom á námsárunum fram með fremstu hljómsveitum heimalandsins vítt og breitt um Sovétríkin. Árið 1973 vann hann 1. verðlaun í sovésku þjóðarkeppninni fyrir fiðluleikara.

Belkin settist að í Ísrael árið 1974 og hefur síðan þá unnið reglulega með helstu hljómsveitum og hljómsveitarstjórum heimsbyggðarinnar, þar á meðal Bernstein, Ashkenazy, Mehta, Maazel, Muti, Ozawa, Kurt Sanderling, Temirkanov, Dohnányi, Tennstedt, Rattle, Haitink og Welsler-Möst. Af hljómsveitum má nefna símfóníuhljómsveitirnar í Boston og Cleveland, filharmóníuhljómsveitirnar í Berlín og Los Angeles, Fílharmóníusveit Ísraels, Bæversku útvarpshljómsveitina, Konunglegu Concertgebouw-hljómsveitina í Amsterdam og helstu hljómsveitir á Bretlandi. Þá er Belkin atkvæðamikill á sviði kammertónlistar og leikur reglulega með mönnum á borð við Yuri Bashmet, Mischa Maisky og Georges Pludermacher svo dæmi séu tekin.

Boris Belkin hefur komið fram í nokkrum sjónvarpsþáttum, m.a. í mynd um Jean Sibelius þar sem hann lék fiðlukonsert tónskáldsins með Sænsku útvarpshljómsveitinni undir stjórn Vladimirs Ashkenazy. Þá spilaði hann fiðlukonsert Tsjajkovskíjs með Leonard Bernstein og Fílharmóníuhljómsveitinni í New York, Tzigane eftir Ravel með Frönsku þjóðarhljómsveitinni og Bernstein sem og fiðlukonserta eftir Mozart og Paganini með Concertgebouw-hljómsveitinni undir stjórn Bernardis Haitink.

Fyrsta hljóðritun Belkins, þar sem hann lék 1. fiðlukonsert Paganinis fyrir Decca-hljómpötuútgáfuna ásamt Ísraelsku fílharmóníunni og Zubin Metha, var lofuð í hástert. Síðan þá hefur hann leikið marga af helstu fiðlukonsertum tónbókmenntanna fyrir Decca- og Denon-útgáfunar. Þá hefur Belkin hljóðritað sönötur Brahms með píanóleikaranum Michel Dalberto.

Boris Belkin hefur haldið námskeið í hinum virta sumarskóla Accademia Chigiana í Siena á Ítalíu síðan 1985.



PÓRKELL SIGURBJÖRNSSON

MISTUR

Pórkell Sigurbjörnsson (1938–2013) nam píanóleik við Tónlistarskólann í Reykjavík og fór síðan til framhaldsnáms í Bandaríkjunum þar sem tónsmíðar urðu hans aðalnámsgrein. Stundaði Pórkell nám við tónlistardeildir Hameline-háskólans í Minnesota og Illinois-háskóla í Champaign-Urbana. Auk þess sótti hann námskeið í tónsmíðum í Darmstadt í Þýskalandi og Nice í Frakklandi.

Pórkell var eitt af höfuðtónskáldum okkar á 20. öldinni. Tónverkaskrá hans er fjölbreytt og tilkomumikil en hún inniheldur hljómveitarverk, einleikskonserta, kammertónlist, óperur og sönglög auk fjölda annarra tónverka. Pórkell var einnig frábær píanóleikari, mikilsvirtur kennari, tónlistargagnrýnandi og dagskrárgerðarmaður. Hann var sæmdur heiðursdoktorsnafnbót við Hameline-háskólann árið 1999 og var meðlimur Konunglegu sænsku akademíunnar.

Um hljómveitarverk sitt „Mistur“ skrifaði Pórkell Sigurbjörnsson í tónleikaskrá Sinfóníuhljómveitar Íslands á Myrkum músikdögum 2001: „Mistur var samið síðsumars 1972, þegar við Gunnar Egilson og Ingvar Jónasson vorum á tónleikaferð og spiluðum m.a. í Bonn. Þá var iðandi mistur yfir Rínardalnum, ti-do, mí-fa, svo langt sem eyrað heyrði [...]“ Og í efnisskrána 2. nóvember 1972 þegar verkið var frumflutt ritaði Pórkell þetta meðal annars: „Þriggja tóna ögn, tónflutt um flest raddsvið hljómveitarinnar, oftast stutt, en stundum teygð, lengd og þanin (eins og daggardropi í stækkanargleri), tekur á sig ýmis litbrigði hljóðfæranna — þannig varð þetta tónamistur til á sl. sumri.“

Í Morgunblaðinu skrifaði Guðmundur Emilsson m.a. þetta eftir frumflutning verksins:

„Í raun er tónverkið Mistur eftir Pórkell Sigurbjörnsson [...] röð mynda þar sem lítið þriggja tóna stef er ýmist meðhöndlað sem klíður eða laglína. Ólíkir stuttir kaflar eru hnýttir saman með gömlum og góðum brögðum, svo sem raddfleygum og löngum liggjandi tönnum þannig að verkið verður óhjákvæmilega órofa heild líkt og straumþungt fljót, eða þá bara lækjarspræna. Það er varðað frá upphafi áberandi kennileitum, hljómrænum sem hljóðfallslegum, er af og til vísa áhorfendum veginn út úr þeim óraheimi sem hugmyndaflug tónskáldsins hefur leitt þá í.“

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Hljómveitarverkið Mistur eftir Pórkell Sigurbjörnsson var frumflutt á tónleikum Sinfóníuhljómveitar Íslands í Háskólabíói í byrjun nóvember árið 1972. Stjórnandi var Sverre Bruland. Jean-Pierre Jacquillat stjórnaði síðan verkinu tvívegis á tónleikaferð hljómveitarinnar til Frakklands í júní 1985, fyrst í Chalon í Búrgundarhéraðinu og síðan í Nîmes í Provence. Næst heyrðist Mistur opinberlega á tónleikum Þýsku sinfóníuhljómveitarinnar í Berlín haustið 1998 undir stjórn þáverandi aðalhljómveitarstjóra hennar Vladímirs Ashkenazy. Síðast hljómaði verkið undir stjórn Bernharðs Wilkinsson á Myrkum músikdögum í febrúar 2001.



MAX BRUCH

FIÐLUKONSERT

Þýska tónskáldið og hljómveitarstjórinn Max Bruch (1838–1920) fæddist í Köln. Óvenjumiklir tónlistarhæfileikar hans komu snemma í ljós og naut hann hvatningar og fyrstu leiðsagnar í tónlist frá móður sinni sem var sópransöngkona og söngkennari. Síðar stundaði hann nám hjá tónskáldinu og píanóleikaranum Ferdinand Hiller sem Robert Schumann tileinkaði píanókonsert sinn. Bruch starfaði á langri ævi víðsvegar um Þýskaland sem kennari, tónskáld og hljómveitarstjóri. Þá var hann stjórnandi Hljómveitar tónlistarfélagsins í Liverpool á Bretlandi frá 1880–83 og tónlistarstjóri í Breslau (núna Wrocław í Póllandi) frá 1883–90. Síðustu tuttugu ár opinberrar starfsævi sinnar (1890–1910) kenndi hann tónsmíðar við Tónlistarháskólann í Berlín.

Eftir Max Bruch liggja u.þ.b. 200 tónverk, meðal annars þrjár óperur, þrjár sinfóníur, þrír fiðlukonsertar auk sönglaga og stærri verka fyrir kór og hljómveit. Í dag er hann einkum þekktur fyrir fyrsta fiðlukonsertinn, *Skosku fantasíuna* fyrir fiðlu og hljómveit og *Kol Nidrei* fyrir selló og hljómveit.

Tónsmíðar Bruchs nutu mikilla vinsælda á ofanverðri 19. öld og er fiðlukonsert hans nr. 1 ásamt konsertum Beethovens, Mendelssohns og Brahms einn af helstu konsertum þýskra höfunda þeirrar aldar. Verkið samdi Bruch fyrir ungverska fiðlusnillinginn Joseph Joachim líkt og Brahms tíu árum síðar en báðir nutu þeir leiðsagnar Joachims við endanlega gerð verksins, einkum einleiksraðdarinnar. Frumflutti Joachim konsertinn í Bremen í ársbyrjun 1868 og sagði hann mest hrífandi fiðlukonsert sem hann þekkti til.

Konsertinn er vissulega hrífandi. Hann hefst á stuttum inngangi þar sem einleiksfiðlan fer með þenkjandi framsögu áður en fyrsta ljóðræna stefið af mörgum birtist. Undir lok kaflans fær hljómveitin loks orðið, áður en fiðlan tekur upp þráðinn og lýkur frásögninni sem hún hóf í byrjun. Eftirspil hljómveitarinnar leiðir svo beint inn í hæga kaflann og er grunntóntegund hans Es-dúr þar sem fögur stef hljóma hvert á eftir öðru. Lokabátturinn með sínu hetjulega, ungverska yfirbragði er síðan í senn glæsilegur og tilfinningaþrunginn.

Það er vissulega umhugsunarvert hversu fá verk Max Bruch hafa náð vinsældum. Sem dæmi, hafa aðeins tvö hljómveitarverka hans, utan þeirra þriggja sem fyrir er getið, heyrst á tónleikum Sinfóníuhljómveitarinnar — konsert fyrir tvö píanó og konsert fyrir klarinetu og víólu.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Fyrsti fiðlukonsert Bruchs hljómaði fyrst á Íslandi árið 1927 í flutningi rússneska fiðlusnillingssins Issays Mitnitzky og Valborgar Einarsson píanóleikara en konsertinn varð síðar vinsæll gestur á tónleikaskrám Sinfóníuhljómveitar Íslands. Það var Ruth Hermanns sem lék hann fyrst með hljómveitinni í Þjóðleikhúsinu í janúar 1951 undir stjórn Victors Urbancic en Ruth var um áratugaskeið öflugur liðsmaður 1. fiðludeildar hljómveitarinnar. Síðan þá hefur konsertinn hljómað á tján sinnum á tónleikum Sinfóníuhljómveitarinnar, síðast í Hörpu snemma hausts 2014 í meðförum Evu Þórarinsdóttur fiðluleikara og franska hljómveitarstjórans Lionels Bringuier. Þá lék Ari Vilhjálmsson verkið með Sinfóníuhljómveit Norðurlands árið 2007 og Chrissie Thelma Guðmundsdóttir með Hljómveit Tónlistarskólans í Reykjavík ári síðar.



JOHANNES BRAHMS

SINFÓNÍA NR. 4

„Minn háttvirti meistari!

Pað að ég skuli fyrst núna lýsa hástemmdri hrifningu minni á nýjstu sinfóníu þinni skrifast á gífurlegt vinnuálag síðustu daga [...]. Við lékum dýrlega sköpun þína á aðalæfingu í dag og ég þori að vona að í kvöld verði hún leikin af öryggi og tryggð. Hún sökkta sér stöðugt dýpra í sál mína og hljómsveitarinnar. Hin hreint út sagt grípandi heildarmynd, þéttleiki hugmyndanna, hin dásamlega samofna flétta mótífanna auk mikilfengleika og fegurðar einstaka hendinga, hafa beinlínis orsakað, að ég held næstum því að sú í e-moll, sé af sinfóníunum þínum, mér kærust. Ég held líka að sá sem hefur augu til að sjá, og á sér músíkalska sál, geti sem hljómsveitarstjóra ekki skjátlást.“

Þessar línur skrifaði Joseph Joachim í bréfi til Brahms (1833–1897) 1. febrúar 1886 — daginn sem hann stjórnaði fyrsta flutningi á 4. sinfóníunni í Berlín. Sjálfur hafði Brahms stýrt frumflutningi verksins í Meiningen 25. október árið áður.

Sinfónían varð til í smábænum Müzzuschlag í austurríska fylkinu Steiermark sumrin 1884 og 1885. Í ágúst það ár skrifaði Brahms eftirfarandi í bréfi til vinkonu sinnar Elisabetar von Herzogenberg: „Má ég senda yður hluta af verki eftir mig og hefðu þér tíma til að líta á það og segja eitt orð. Því miður eru verkin mín almennt notalegrí en ég sjálfur og í þeim minna til að leiðrétta. En hér um slóðir verða kirsuberin hvorki sæt né æt — verið því ekki feimnar ef sendingin bragðast yður ekki. Ég hef engan áhuga á að skrifa slæma nr. 4.“ Súru kirsuberin koma einnig fyrir í bréfi Brahms til hljómsveitarstjórans Hans von Bülow og lýsa í raun aðeins kvíða tónskáldsins fyrir væntanlegum viðtökum áheyrenda. Vinir höfðu vissulega látið í ljósi efasemdir um verkið en þegar á hólminn var komið reyndist angist Brahms ástæðulaus því að sinfónían sló strax í gegn við frumflutninginn.

Þó að sinfónían sé samin að sumri til hefur hún yfir sér ljúfsáran haustblæ, einkum tveir fyrstu kaflarnir. Þriðji kaflinn er yfirmáta gáskafullur og þar notar Brahms þríhorn í eina skiptið í öllum sinfóníum sínum. Lokabáttinn byggir hann á átta takta stefi úr lokakafla kantötu J.S. Bachs nr. 150, *Nach dir, Herr, verlangst mich* og spinnur við það þrjátíu meistaraleg tillbrigði.

Sigurður Ingui Snorrason

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Fjórða sinfónía Johannesar Brahms hefur frá stofnun Sinfóníuhljómsveitar Íslands prýtt efnisskrár hennar að jafnaði þriðja hvert ár eða alls í 21 skipti. Fyrsti aðalstjórnandi hljómsveitarinnar, Norðmaðurinn Olav Kjelland stjórnaði henni fyrst í Þjóðleikhúsinu í október 1951 en síðast hljómaði hún í Hörpu haustið 2011 undir stjórn þáverandi aðalhljómsveitarstjóra, Ilans Volkov. Sinfónían hefur einu sinni áður heyrst á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar undir stjórn Vladimirs Askenazy en það var á tónleikum í Háskólabíói í ársbyrjun 1978.

Á DÖFINNI

FIM 11 MAI 19:30

FIMM SÖNGVAR OG SINFÓNÍA

Það gerðist ekki oft að kventónskáld 19. aldar semdu fyrir símfóníuhljómsveit. Fanny Mendelssohn var hámenntuð tónlistarkona en samdi aðeins eitt hljómsveitarverk, forleikinn sem nú hljómar í fyrsta sinn á Íslandi. Í nýjum lagaflokki sínum tónsetur Haflíði Hallgrímsson ljóð eftir þrjú af helstu skáldum Englands á 18. og 19. öld: Samuel Taylor Coleridge, William Blake og Christinu Rosetti. Þau Helena Juntunen og John Storgárds frumfluttu verkið ásamt Skosku kammersveitinni í febrúar síðastliðnum við lofsamlega dóma gagnrýnanda The Telegraph. Á tónleikunum hljómar einnig sjötta símfónía Sibeliusar undir stjórn Johns Storgárds.

FIM 18 MAI 19:30

CARMEN-FANTASÍA

Í Carmen-fantasiunni eftir spænska fiðlusnillinginn Sarasates er að finna öll vinsælustu stefin úr óperu Bizets. Hollenski fiðluleikarinn Simone Lamsma leikur *Carmen*-fantasiuna og einnig hið ljúfa og ljóðræna *Poème*. Lamsma hefur vakið mikla athygli síðustu ár fyrir leik sinn og gagnrýnendur hafa dáðst að „ægifögurum, fágúðum og tjáningarríkum“ leik hennar. Fyri hluti tónleikanna er helgaður frönskum tónskáldum en eftir hlé verður haldið lengra suður. *Capriccio italien* er eitt vinsælasta hljómsveitarverk Tsjajkovskíjs og kætín er í fyrrirúmi í spænskum morgunsöng Ravels sem er eitt hans glæsilegasta hljómsveitarverk. Hljómsveitarstjóri er Yan Pascal Tortelier.

FIM 26 MAI 19:30

IBRAGIMOVA SPILAR BRAHMS

Aлина Ibragimova er einn áhugaverðasti fiðluleikari sem komið hefur fram á sjónarsviðið síðustu ár. Hún leikur jöfnum höndum barokktónlist og nútímaverk og var staðarlistamaður Proms-tónlistarhátíðarinnar árið 2015. Fiðlukonsert Brahms er meðal þeirra verka hans sem oftast eru flutt, enda nær hann hér fullkomnu jafnvægi milli hins blíða og kraftmikla, hins háfleyga og jarðbundna. Sjaldan hefur eitt tónskáld átt jafn mikið undir viðtökum einnar tónsmíðar og þegar fimmta símfónía Dmítríjs Sjostakovítsj var frumflutt í Leníngrad árið 1937. Margir telja símfóníuna einhverja þá mögnuðustu sem samin var á 20. öld. Tónleikarnir eru tileinkaðir minningu Björns Ólafssonar fiðluleikara. Björn var fyrsti konsertmeistari Símfóníuhljómsveitarinnar og lék Brahmskonsertinn þrívægis með sveitinni. Hljómsveitarstjóri er Yan Pascal Tortelier.



HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

27. APRÍL 2017

1. FIÐLA

Nicola Lolli
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Lin Wei
Laufey Jensdóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Pascal La Rosa
Ágústa María Jónsdóttir
Pálína Árnadóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Andrzej Kleina
Laufey Sigurðardóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Bryndís Pálsdóttir

2. FIÐLA

Joaquín Páll Palomares
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Roland Hartwell
Ingrid Karlsdóttir
Gunnhildur Daðadóttir
Kristján Matthíasson
Christian Diethard
Ólöf Þorvarðsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Þórdís Stross
Kristín Björg Ragnarsdóttir

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Sarah Buckley
Guðrún Þórarinsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Kathryn Harrison
Herdís Anna Jónsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Guðrún Hrund Harðardóttir
Ásdís Hildur Runólfssdóttir

SELLÓ

Carl-Oscar Østerlind
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Björgvinsdóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Lovísa Fjeldsted
Sigurgeir Agnarsson
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Inga Rós Ingólfssdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir

ÓBÓ

Felicia Greciuc
Matthías Nardeau

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason

FAGOTT

Brjánn Ingason
Leendert Booyens
Kristín Mjöll Jakobsdóttir

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Joseph Ognibene
Lilja Valdimarsdóttir
Frank Hammarin

TROMPET

Eiríkur Örn Pálsson
Ásgeir Steingrímsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

HARPA

Katie Buckley

PIÁNÓ

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steeff van Oosterhout

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*
Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*
Osmo Vänskä *heiðursstjórnandi*
Daniel Bjarnason *staðarlistamaður*

Arna Kristín Einarssdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördis Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*
Gísli Magnússon *umsjónarmaður nótna*

NÝIR DISKAR FRÁ SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

RECURRENCE

Nýr diskur með íslenskum hljómveitarverkum í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands er kominn út. Bandaríska útgáfufyrirtækið Sono Luminus annaðist upptökurnar og Daníel Bjarnason, staðarlistamaður Sinfóníunnar, stjórnaði hljómveitinni.


Á disknum Recurrence má heyrna *Dreaming* eftir Önnu Þorvaldsdóttur, *Aequora* eftir Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur, *BD* eftir Hlyn A. Vilmarsson, *Flow & Fusion* eftir Þuríði Jónsdóttur og *Emergence* eftir Daníel Bjarnason.

CHORALIS

Finnska útgáfufyrirtækið Ondine gaf út diskinn Choralis með hljómveitarverkum Jóns Nordals í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands síðasta haust. Á disknum er að finna fimm verk eftir Jón; *Choralis*, *Adagio*, *Langnætti*, *Epitafíon* og *Leiðslu*.

Upptökurnar fóru fram í Eldborg í ágúst 2015 undir stjórn sænska hljómveitarstjórans Johannesar Gustavsson. Þær voru samstarfsverkefni Ondine, Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Ríkisútvarpsins.

Diskarnir eru á kynningartilboði hjá Smekkleysu, fyrir framan Eldborg, fyrir tónleikana og í hléi.





Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Mæðginin Ágústa María Jónsdóttir og Stefán Jón Bernharðsson eru hluti af mikilvægri heild.



Stefán Jón: Ég var auðvitað *alveg grænn* fyrst þegar ég byrjaði í sveitinni fyrir fimmtán árum síðan.

Ágústa: Já, en þetta vandist fljótt og ætli þetta hafi ekki snúist við í dag, þú alir mig upp. Það er allavega **stuðningur** í því að vinna með fjölskyldumeðlimum.

Sagt er að ákveðnar manngerðir leiki á viss hljóðfæri, eða skyldu hljóðfærin á einhvern hátt hafa mótandi áhrif á manneskjurnar?

Að sitja inni í miðri hljómsveit þegar allt er komið á fulla ferð er merkileg upplifun sem Ágústa María Jónsdóttir þekkir vel. Hún kom til starfa í

Sinfóníuhljómsveit Íslands undir lok áttunda áratugarins. Tónlistarnámið stundaði hún hér heima og í sjálfri háborg tónlistarinnar, Vín í Austurríki, þar sem menn á borð við Mozart og Beethoven sömdu verk sín forðum daga. Þó að fiðlan sé í öndvegi í sinfónískum tónverkum eru hornin

engu að síður meðal glæsilegustu hljóðfæra sinfóníuhljómsveitar og einn tónlistarmannanna sem blæs í þau er Stefán Jón, sonur Ágústu.

Það er gott að vita að í hljómsveitinni komi kynslóðirnar saman með eitt markmið – að þjóna tónlistargöðjunni.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is